

Nd.

533. Frumvarp til laga

[181. mál]

um breyting á lögum nr. 22 1. febr. 1952, um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Halldór Ásgrímsson, Lúðvík Jósefsson,
Eggert Þorsteinsson.

1. gr.

Á eftir tölulið 8 í 1. gr. laganna komi nýr töluliður, svo hljóðandi:
Að virkja Lagarfoss á Fljótsdalshéraði í allt að 5300 hestafla orkuveri og leggja frá orkuverinu aðalorkuveitu til Egilsstaða, Seyðisfjarðarkaupstaðar, Neskaupstaðar, Eskifjarðarkauptúns, Búðareyrar í Reyðarfirði og Búðakauptúns.

2. gr.

- a. Í stað orðanna „74 millj. kr.“ í fyrri málslíð 2. gr. laganna komi: 90 millj. kr.
- b. Í stað orðanna „25 millj. kr.“ í síðari málslíð sömu lagagr. komi: 30 millj. kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Að frv. þessu standa auk flutningsmanna aðrir þingmenn af Austurlandi, þeir Lárus Jóhannesson, Páll Zóphóniasson og Vilhjálmur Hjálmarsson.

Alþingi setti á sínum tíma heimildarlöggjöf um virkjun Fjarðarár í Seyðisfirði eða Grímsár á Völlum.

Mikið hefur verið rætt um virkjun Lagarfoss, en fram að þessu hefur hún verið álitin svo kostnaðarsöm, að hún kæmi ekki til greina, a. m. k. að svo stöddu.

Nú í vetur hefur farið fram ýtarleg athugun og samanburður á virkjunarmögu-
leikum eystra og þá í því sambandi bent á nýja leið til virkjunar Lagarfoss, ódýrari en áður hefur til greina komið.

Af þessu tilefni þykir flutningsmönnum nú nauðsynlegt, að bætt verði inn í lög nr. 22 1. febr. 1952, um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins, heimild um virkjun Lagarfoss.